




GAGNVIRKIR VEFIR Í ÍSLENSKU Á KRAKKA- OG UNGLINGASÍÐUM NÁMSGAGNASTOFNUNAR



STAFALEIKIR BÚA

Æfingar til að þjálfa nemendur sem þurfa mjög hæga innlögn og mikla endurtekningu til að ná tókum á undirstöðu lesturs. Aðeins er fengist við tíu bókstafi, tengingu tveggja hljóða og 15 algengustu orðmyndir.

[Skoða Stafaleiki Búa](#)



STAFALEIKIR BÍNU

Æfingar handa börnum sem þurfa skipulega og hæga innlögn og mikla endurtekningu til að ná tókum á undirstöðuatríðum lesturs. Framhald af *Stafaleikjum Búa*. Fengist við bókstafina e, á, u, æ, ó, o, m, v, n og r.


[Skoða Stafaleiki Bínu](#)



AÐ SKRIFA RÉTT!

Markmiðið er að þjálfa nemendur í að lesa og stafsetja texta með samhljóðasamböndum. Verkefni skiptast í þrjú hluta: Horfa og sjá (afskrift), Muna og skrifa (sóknarskrift) og Hlusta og skrifa (stafsetja eftir upplestri).

[Skoða að skrifa rétt](#)



TX-10. ÞAÐ ER ÉG – VEFVINNUBÓK

Verkefni með smábókinni *TX-10. Það er ég*. Verkefni eru ætluð til að auka lesskilning barnanna og vekja áhuga þeirra á að skoða og læra ný orð og tjá sig í rituðu máli. Verkefni má leysa með því að skrifa í tölvunni eða prenta þau út.

[Skoða TX-10. Það er ég](#)



GAGGA OG ARI – VEFVINNUBÓK

Verkefni byggð á smábókinni *Gagga og Ari*. Þau skiptast í þrjú hluta: Gaman að skrifa, Orðaleikir og Atburðarás. Áhersla er lögð á gerð og notkun hugarkorta til að styðja við frásögn og ritun. Sex verkefni sem nýtast í því skyni fylgja til útprintunar. Gagnvirku verkefni má leysa með því að skrifa í tölvunni eða prenta þau út.

[Skoða Gagga og Ari – vefvinnubók](#)



MARGT SKRÝTIÐ HJÁ GUNNARI – VEFVINNUBÓK

Verkefni með smábókinni *Margt skrytið hjá Gunnari*. Verkefni eru ætluð til að auka lesskilning barnanna og vekja áhuga þeirra á að skoða og læra ný orð og tjá sig í rituðu máli. Verkefni má leysa með því að skrifa í tölvunni eða prenta þau út.

[Skoða Margt skrytið hjá Gunnari – vefvinnubók](#)



RUMUR Í RAUÐHAMRI – VEFVINNUBÓK

Verkefni byggð á smábókinni *Rumur í Rauðhamri*. Áhersla er lögð á gerð og notkun hugarkorta til að styðja við frásögn og ritun. Sex verkefni, sem nýtast í því skyni, fylgja til að prenta út. Gagnvirku verkefni má leysa með því að skrifa í tölvunni eða prenta þau út.

[Skoða Rumur í Rauðhamri – vefvinnubók](#)



ÁLFUR

Vefurinn hefur að geyma sögu um strákinn Álf sem er að byrja í nýjum skóla. Sagan er lesin upp og henni fylgja gagnvirk verkefni og spurningar fylgja auk hugmynda að verkefnum í kennarahluta. Markmið vefjarins eru að efla samskiptafærni og tilfinningaþroska nemenda í 1. og 2. bekk grunnskólans og tengja þessa tvo mikilvægu þætti lífsleikninnar við íslenskukennslu, einkum lestur og lesskilning.

[Skoða Álf](#)



ORÐAKISTUR KRILLU

Í vefefninu *Orðakistur Krillu* er hægt að velja um æfingar þar sem nemendur geta þjálfað lestur orða sem ríma, lestur algengustu orða í íslensku, raðað orðum í stafrófsröð og fundið orð í orðagrind. Í ríminu og lestri algengra orða eru lykilorðin lesin. Markmið verkefnanna er m.a. að styrkja sjónminni nemenda og hjálpa þeim til að þekkja orðmyndir.

[Skoða Orðakistur Krillu](#)



RITUM RÉTT – STAFSETNINGARÆFINGAR Á VEF

Verkefni eru tekin úr samnefndri bók sem samín var af Ólöfu H. Pétursdóttur sérkennara. Þau eru einkum ætluð 9–12 ára nemendum sem eiga við stafsetningarörðugleika að etja en reynslan hefur sýnt að hægt er að nota þau með góðum árangri fyrir aðra aldursflokka og til almennrar þjálfunar í stafsetningu.

[Skoða Ritum rétt](#)



GAGNVIRKAR ÆFINGAR Í STAFSETNINGU

Vefefnið *Gagnvirkar æfingar í stafsetningu* er einkum ætlað mið- og unglíngastigi grunnskóla. Það byggist annars vegar á æfingum úr gömlum stafsetningarbókum og hins vegar íslenskum þjóðsögum, kvæðum og ævintýrum.

[Skoða Gagnvirkar æfingar í stafsetningu](#)



MÁLFRÆÐIGREINING

Forritið *Málfræðigreining* fyrir mið- og unglíngastig er samið með það að markmiði að nemendur geti á auðveldan hátt öðlast færni í greiningu hinna ýmsu málfræðiatríða. Í forritinu eru hundruð setninga þannig að greiningaratríðin skipta þúsundum.

[Skoða Málfræðigreining](#)



MÁLFARSMOLAR

Á vefnum er varpað ljósi á ýmislegt sem aflaga hefur farið í málfari Íslendinga. Hver málfarsmoli fjallar um eitt atriði og kemur með tillögu til úrbóta. Vefurinn er samstarfsverkefni Námsgagnastofnunar og málræktarsviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

[Skoða Málfarsmola](#)



RITFÆRNI

Vefurinn *Ritfærni* er gerður fyrir elstu nemendur grunnskólans. Við gerð vefjarins er tekið mið af námskrá í íslensku fyrir 8.–10. bekk. Nemendur í framhaldsskóla og jafnvel á miðstigi grunnskólans geta einnig nýtt sér ýmislegt á vefnum. *Ritfærni* er ætlað að svara breyttum þörfum í nútíma-samfélagi með því að nýta tölvu og net sem verkfæri í ritun og skapa mótvægi við skeytastílinn sem margir hafa vanið sig á í samskiptum sín á milli. Á vefnum er lögð áhersla á vandað málfar, uppbyggingu málsgreina, mismunandi tilgang ritunar og stíganda í frásögn.

[Skoða Ritfærni](#)



RIGNING Í ÖSLÓ – VEFVINNUBÓK

Gagnvirk vinnubók á vef með léttlestrarbókinni *Rigning í Osló*. Hentar einkum unglingum sem þurfa létt verkefni í íslensku. Í verkefnunum er lögð áhersla á lesskilning, orðaforða, ritun og léttu málfræði, s.s. sérnöfn, samnöfn, eintölu, fleirtölu, stigbreytingu, samheiti og andheiti.

[Skoða Rigning í Osló – vefvinnubók](#)



ILMUR – VEFVINNUBÓK

Gagnvirk vinnubók á vef með auðlesnu sögubókinni *Ilmur*. Verkefnin eru einkum ætluð nemendum á unglingstigi getur einnig hentað nemendum í 6.–7. bekk. Lögð er áhersla á lesskilning, orðaforða, ritun og léttu málfræði, s.s. sérnöfn, samnöfn, samsett orð, stafrófsröð, stigbreyting, tíðbeyging, samheiti og andheiti. Fyrirmæli eru lesin.

[Skoða Ilm – vefvinnubók](#)



RITBJÖRG

Ritbjörg er kennsluvefur sem aðstoðar notendur við að skipuleggja rit-smíðar. Grundvallarhugmyndin að forritinu er ferlisritun en hún gengur út á það að fólk skrifi í ákveðnum skrefum. Notandinn býr aðeins til efnisgrind að ritsmíð í forritinu. Því eru tvö fyrstu skrefin í ritunarferlinu í brennidepli. Á vefnum eru líkön af ýmsum hagnýtum ritsmíðum, t.d. sendibréfum, frétt, greinum, ritgerðum, skýrslum og smásögu. Notendur forritsins eru leiddir áfram með spurningum þar sem þeim beint inn á ákveðnar brautir í ritunarferlinu.

[Skoða Ritbjörg](#)



ÆFUM ÍSLENSKU

Vefur fyrir nemendur á mið- og unglingastigi grunnskólans sem flokkast undir að vera lengra komnir í íslensku máli en algjörir byrjendur. Markmiðið er að auka málfræni nemenda í íslensku, bæði skilning og tjáningu, og hjálpa þeim að fá tilfinningu fyrir beygingum málsins, þ.e. kyni, tölu og föllum. Beygingar eru þjálfaðar í eðlilegum setningum út frá sögubræði.

[Skoða – Æfum Íslensku](#)



LESTUR OG STAFSETNING

Lestur og stafsetning er ætlað til að þjálfa nemendur í að lesa og stafsetja léttan, merkingarbæran texta. Það byggist á tveimur litlum sögum sem skiptast í 25 kafla. Verkefni eru í þremur hlutum, þ.e. Horfa og skrifa, Muna og skrifa og Hlusta og skrifa.

[Skoða Lestur og stafsetning](#)



LESÞJÁLFI

Lesþjálfí er gagnvirkur vefur sem er einkum ætlaður nemendum sem eiga í erfiðleikum með lestur og þurfa mikla þjálfun og endurtekningu til að ná tökum á lestri og lestrarhraða. Vefurinn hentar nemendum sem eiga erfitt með einbeitingu og að halda athygli sinni við lesturinn. Á vefnum má velja á milli sjö sögubóka frá Námsgagnastofnun.

[Skoða Lesþjálfí](#)



SÖGUR FRÁ ÍSLANDI

Vefurinn *Sögur frá Íslandi* er einkum hugsaður fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku á mið- og unglíngastigi. Honum er ætlað að efla orðforða og málvitund nemenda og fræða þá um land og þjóð. Hverri sögu fylgja nokkur gagnvirk verkefni. Í kennaraefni eru viðbótarverkefni sem prenta má út að vild. Vefurinn hentar einnig öðrum nemendum sem hafa þörf fyrir að hlusta og lesa texta samtímis til að örva lestur og lestrarárhuga. *Sögur frá Íslandi* er þýðing á vefnum *Iceland in English* sem kom út hjá Námsgagnastofnun árið 2006 en markmið hans er að æfa nemendur á miðstigi í grunnskóla í ensku.

[Skoða Sögur frá Íslandi](#) [Skoða Iceland in English](#)



LESUM OG SKOÐUM ORÐ

Lesum og skoðum orð er gagnvirkur vefur sem miðast við að mæta áherslum í heildstæðri móðurmálskennslu í fyrstu bekkjum grunnskólans. Möguleikar vefjarins gefa tilefni til skapandi og fjölbreyttra vinnubragða og hann má nota í samkennslu, með skjávarpa eða rafrænni töflu, og við sjálfstæða vinnu nemenda. Velja má um 11 smábækur og sex mismunandi leiðir til að fást við texta bókanna. Kennsluleiðbeiningar og ábendingar um notkun fylgja á vefnum.

[Skoða Lesum og skoðum orð](#)



NÁMSVEFIR Á WWW.NAMS.IS

MIÐBJÖRG

Vefurinn Miðbjörg er ætlaður kennurum í íslensku á miðstigi. Hann inniheldur stutta umfjöllun um helstu þætti móðurmálskennslunnar auk kennsluhugmynda og verkefna. Allt efnið á vefnum má prenta út og ljósrita eða nýta með skjávarpa.

[Skoða Miðbjörg](#)



MÁLBJÖRG

Málbjörg er vefur fyrir kennara í íslensku á unglíngastigi grunnskóla. Vefurinn inniheldur fjölbreytt efni sem má prenta út, t.d. verkefni og


glærur. Auk þess eru teknar saman kennsluhugmyndir og ábendingar um leiðir sem auðvelt er að útfæra á ýmsa vegu.

[Skoða Málbjörg](#)



MÁLYRKJUVEFUR

Mályrkjuvefurinn er fyrir kennara á unglíngastigi grunnskóla. Hann inniheldur efni tengt bókunum Mályrkja I, II og III. Þetta efni var áður inni á vefnum Málbjörgu en hefur nú verið aðskilið. Um er að ræða kennsluleiðbeiningar með bókunum, orðskýringar, ljóðaskýringar og viðbótarverkefni.



ÍSLENSKA - MÁLIÐ ÞITT

Vefurinn er tvískiptur: Annars vegar eru krækjur inn á ýmiss konar fróðleik á vegum Íslenskrar málstöðvar. Hins vegar eru umræðuefni og verkefni er tengjast stöðu málsins. Titlarnir eru eftirfarandi: Lítil og stór tungumál, Íslenska fyrr og nú, Ný orð, Á íslensku og á útlensku, Ritreglur, Nöfnin okkar og Að læra íslensku sem erlent mál. Þeir hafa svo flestir nokkra undirtitla.

[Skoða Íslenska málið þitt](#)



HANDRITIN HEIMA

Vefsíða um íslensku miðaldahandritin. Tilgangurinn er að kynna þennan menningararf okkar fyrir upprennandi kynslóðum og fræða þær um menningu og líf liðinna kynslóða. Sá hluti vefjarins sem nefnist Handritið fjallar um bókagerð Íslendinga á miðöldum. Þar er greint frá aðferðum við skinnaverkun, bleksuðu, lita- og pennagerð til forna, fjallað um vinnubrögð við skrifir og aðstæður skrifara. Jafnframt er sagt frá skreytilist í handritum og notendum gefið tækifæri til að spreyta sig í handritalestri.

[Skoða Handritin heima](#)



SKRIFAÐ Í SKREFUM

Á þessum vefsíðum er ítarefni fyrir kennara sem nota bókina Skrifað í skrefum. Hér má finna fjölbreytilegar æfingar, verkefni og hugmyndir að ritunarverkefnum.

[Skoða Skrifað í skrefum](#)



DAGUR ÍSLENSKRAR TUNGU - VERKEFNASAFN

Safn verkefna frá Námsgagnastofnun í tilefni af degi íslenskrar tungu. Verkefni hafa öll verið birt á síðunni [Í dagsins önn](#).

[Skoða Dagur íslenskrar tungu – verkefnasafn](#)

[Skoða Krakkasíður – Alla vefi](#)

[Skoða Unglingasíður – Alla vefi](#)